

Samráð við skipulag og mat á umhverfisáhrifum - Málþing á vegum Skipulagsstofnunar laugardaginn 29. janúar 2005 á Grand Hótel, Sigtúni 3, Reykjavík kl. 9.00 – 13.00

Getur þátttaka íbúa og hagsmunaaðila haft áhrif á mótun skipulags og uppbyggingu í sveitarfélagi?

- Laufey Jóhannsdóttir formaður skipulagsnefndar Garðabæjar

Góðir fundargestir. Í erindi þessu mun ég fjalla um samráð í ljósi þeirrar reynslu sem ég hef sem bæjarfulltrúi og formaður skipulagsnefndar í Garðabæ. Í erindinu tek ég meðal annars mið af reynslu frá íbúabingi sem Garðabær hélt árið 2002, frá Urriðaholtsdeginum sem haldinn var 6. nóvember síðast liðinn, en þá var öllum Garðbæingum og öðrum áhugasömum um uppbyggingu í Garðabæ boðið til opins samráðsfundar um svæðið, auk þess sem ég lít til ýmiss konar samráðsfunda í tengslum við skipulag og framkvæmdir. Að lokum mun ég tala um samráð í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd varðandi breikkun Reykjanesbrautar.

Íbúabing í Garðabæ 2002.

Þegar opið íbúabing var haldið haustið 2002 var markmið bæjarstjórnar Garðabæjar að fá fram sjónarmið íbúa um málefni sem tengdust aðalskipulagi Garðabæjar en endurskoðun þess var þá að hefjast. Jafnframt vildi bæjarstjórn fá fram sjónarmið og hugmyndir íbúa vegna annarrar stefnumótunar í sveitarfélaginu.

Við undirbúning þingsins var haldinn hugarflugsfundur með bæjarfulltrúum, nefndarfólki og starfsmönnum bæjarins þar sem viðfangsefni íbúabingsins voru meðal annars skilgreind. Mætti kalla þann fund lokað samráð en íbúabingið opið samráð.

Ríflega 200 manns sóttu þingið sem haldið var í október og komu þar fram margar skemmtilegar og frjóar hugmyndir sem unnið hefur verið með síðan þá og má þar til dæmis nefna hugmynd um að tengja svæðið frá Vífilstöðum í gegnum núverandi miðbæ og niður að Sjalandi og mynda þannig hryggssúlu Garðabæjar með útivistarás, þjónustuás og frístundaás og að byggð yrði þétt í kringum miðbæinn og niður að sjó til að styrkja starfsemi og efla mannlíf á miðbæjarsvæðinu. Hugmynd um að leggja Hafnarfjarðarveg í stokk kom líka fram á þinginu sú hugmynd var unnin nánar með Vegagerðinni. Fjölmargar aðrar góðar hugmyndir komu fram sem ekki verða tífundaðar hér.

Nú eru liðin rúm tvö ár frá því þingið var haldið og í mínum huga er ekki nokkur vafi að þingið sjálft og afrakstur þess hafði víðtæk áhrif á umræðu og stefnumótun sem fram fór í kjölfarið í nefndum og ráðum bæjarins ekki síst í skipulagsnefnd. Sú stemning og það hugarflug sem myndast á svona stundu getur fleytt umræðu áfram auk þess sem fólk fær tækifæri á að tjá sig um málefni sem betur mega fara. Mikilvægt er þó að nefna nauðsyn þess að allir sem að þinginu koma geri sér grein fyrir þeim takmörkunum sem fylgja s.s. að bæjarstjórn getur ekki tekið allar hugmyndir til útfærslu eða sérstakrar umfjöllunar.

Samráð í Urriðaholti.

Á sama hátt var undirbúinn samráðsvettvangur vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar í Urriðaholti og verndunar Urriða(kots)vatns. Kallað var eftir samvinnu við almenning, sérfræðinga og hagsmunaaðila til að taka þátt í að þróa skipulagshugmyndir áður en þær yrðu fullmótaðar. Búið var að skilgreina ákveðin þemu til að fjalla um á samráðsdeginum.

Ljóst er að nýjar hugmyndir litu dagsins ljós og aðrar hugmyndir þróuðust skemmtilega og samt á annan hátt en búast mátti við. Svona þing eru tækifæri fyrir bæjarfulltrúa til að eiga gott samráð við áhugasama bæjarbúa. Við erum þakklát fyrir að fólk sýni þessu áhuga.

Samráð í einstökum skipulagsbreytingum.

Í Garðabæ er einnig töluverð reynsla af samráði við íbúa í tengslum við opið hús eða minni kynningar þar sem íbúar koma með athugasemdir bæði munnlegar og skriflegar. Í sumum tilvikum er um nokkra fundi að ræða áður en endanleg tillaga er auglýst.

Meta þarf hvaða form samráðs hentar best hverju sinni. Í sumum tilvikum höfum við haft opið hús þar sem tillögur hanga uppi til skoðunar. Í stað hefðbundins fyrirlestrar gengur fólk um, skoðar teikningar og kort og getur spurt fulltrúa úr skipulagsnefnd, starfsmenn bæjarins og ráðgjafa sem unnið hafa að verkinu. Hafi menn athugasemdir eru þær ræddar á staðnum. Ef fólk er ekki sátt er það hvatt til að koma athugasemdum sínum á framfæri skriflega. Í mörgum tilvikum hafa athugasemdir borist og þá hefur gjarnan verið boðað til nýs samráðsfundar með hlutaðeigandi aðilum þegar nýjar tillögur liggja fyrir.

Vissulega geta svona fundir oft á tíðum verið krefjandi fyrir alla aðila. Starfsmenn og ráðgjafar verða stundum eins konar skotmörk vegna verkefna sem íbúar vilja gagnrýna og bregður við að tjáning verði nokkuð öfgafull og fullyrðingar og orðbragð notað sem almennt myndi ekki teljast vera kurteisi. Ekki má taka þess háttar orrahríð of nærri sér heldur líta á það sem vörn þeirra sem telja á rétt sinn hallað. Mikilvægt er þegar miklar umræður verða að hafa góða fundarstjórn.

Þrátt fyrir vissa erfiðleika á stundum eru fundir þessir mikilvægir og tel ég að í flestum tilvikum hafi niðurstaðan orðið betri með heildarhagsmunum sveitarfélags og íbúa í huga. Menn skilja sáttari við þó ekki séu allir fullkomlega ánægðir.

Úrskurður Skipulagsstofnunar um samráð vegna framkvæmda við Reykjanesbraut.

Þá er ég komin að samráði sem stofnað var til eftir að úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhverfisráðuneytisins en stofnunin hafði fallist á fyrirhugaða tvöföldun Reykjanesbrautar í gegnum Kópavog og Garðabæ í nóvember 2002.

Niðurstaða ráðuneytis, hinn 14. júlí 2003, var að staðfesta niðurstöðu Skipulagsstofnunar um að fallast á fyrirhugaða tvöföldun Reykjanesbrautar m.a. með þeim skilyrðum að gerðar yrðu tvennar mælingar á hljóðstigi við Reykjanesbraut og **að framkvæmdaraðili hefði samráð við fulltrúa íbúa** við aðliggjandi íbúðarhverfi um hönnun og útfærslu hljóðvarna og reynt yrði að haga hljóðvörnum með þeim hætti að óæskileg umhverfisáhrif yrðu sem minnst.

Þegar Vegagerðin sótti síðan um framkvæmdaleyfi töldu íbúarnir að skilyrðum hefði ekki verið fullnægt varðandi hljóðvist fyrir ákveðin hús og á útivistarsvæðum samkvæmt skipulagi. Haldinn var opin kynningarfundur um málið í desember síðast liðnum sem var vel sóttur og mynduðust þar miklar umræður.

Í framhaldi af því samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar samhljóða á fundi sínum 16. desember s.l. tillögu bæjarstjóra um að fallast ekki á beiðni Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Reykjanesbrautar á þessu stigi. Í tillögunni segir að nauðsynlegt sé að áður fari fram ítarleg greining á málinu með fulltrúum ríkisvaldsins þar sem þeim verði m.a. kynnt afstaða íbúa Garðabæjar til framkvæmdanna. Í þeim tilgangi óski bæjarstjórn eftir fundi með þingmönnum og ráðherrum þar sem staða málsins verði rædd. Auk þess er í tillögunni óskað eftir því að samgönguráðherra láti nú þegar fara fram nýtt mat á kostnaði við lækkun Reykjanesbrautar. Þá óskar bæjarstjórn einnig eftir afstöðu umhverfisráðherra til þess hvort Vegagerðin hafi með nýjustu tillögum að hljóðvist uppfyllt skilyrði sem fram koma í úrskurði ráðherra frá 14. júlí 2003.

Samgönguráðherra hefur nú vísað málinu til nánari athugunar varðandi mat á kostnaði við að lækka brautina.

Hver er lærdómurinn hér? Hvað þarf að gera til að samráð skili árangri?

Hvers vegna er verið að efla þátttöku almennings í skipulagningu og stefnumótun?

Ekki næst sátt. Umræðan sem málið veldur getur vissulega verið lærdómsrík þar sem niðurstaðan hugsanlega kallar á nýja afstöðu við hönnun megin umferðaræða í þéttbýli. Ef til vill kallar þessi niðurstaða á nánari skilgreiningu á hvenær samráðinu er lokið.

Af reynslu minni um aukið samráð leikur enginn vafi á að þátttaka íbúa og hagsmunaaðila við mótun hefur mikil áhrif. Öll nálgun að sameiginlegu markmiði um að ná fram því besta fyrir báða aðila er miklu markvissari.

Ágætu fundargestir. Ný viðhorf í skipulagsmálum bæði hvað varðar uppbygginu á landi og ekki síst nýtingu lands gera það að verkum að vel þarf að vanda til skipulagsgerðarinnar. Með breyttum áherslum í skipulagsmálum varðar miklu að góð sátt náist.